



Reykjaneshöfn

Víkurbraut 11
230 Reykjaneshöfn

Reykjaneshöfn, 27. febrúar 2023
Mál nr. 2020100160

Efni: Njarðvíkurhöfn - Deiliskipulag

Eftirfarandi var bókað á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 17.2.2023 og staðfest á fundi bæjarstjórnar þann 21.2.2023

Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf. og Reykjaneshöfn leggja fram deiliskipulagstillögu samkvæmt uppdráttum Kanon arkitekta ehf. og VSÓ ráðgjafar ehf. dags. 23. mars 2022. Greinargerð og umhverfismat koma fram á uppdrætti ásamt skuggavarpi og rýmismyndum. Tillagan felst í nýjum viðlegukanti, nýrri skipakví og landfyllingu auk nýrrar umferðaraðkomu frá Fitjabraut. Umhverfis- og skipulagsráð veitti heimild til að auglýsa deiliskipulagstillöguna samhliða auglýsingu á endurskoðun aðalskipulags á fundi dags. 1. apríl 2022. Tillagan var auglýst og haldinn var íbúafundur. Fram komu athugasemdir varðandi hávaða frá starfseminni, aðkomu frá Sjávargötu og staðsetningu byggingareits við Sjávargötu. Unnin var hljóðvistarskýrsla, aðkomu er breytt og sett fram kvöð um umferð um lóð skipasmíðastöðvar. Breytingum nánar lýst á uppdrætti.

Samþykkt að senda til Skipulagsstofnunar til endanlegrar afgreiðslu.

Með vísan til ákvæða stjórnsýslulaga nr.37/1993 er yður hér með bent á andmælarétt, þar sem þér er heimilt að tjá þig um málið innan 14 daga frá viðtöku þessa bréfs. Athugasemdir sendist á Tjarnargötu 12, 230 Reykjaneshöfn – merkt skipulagsfulltrúi Reykjaneshöfjar.

Að auki er þér bent á að teljir þú að hér sé um að ræða ágreiningsmál milli þín og embættisins, getur þú vísað málín til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. lög nr. 130/2011. Kærufrestur er almennt einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt um, eða mátti vera kunnugt um. þá ákvörðun sem kæra skal.

Ofangreint tilkynnist hér með
f.h. Reykjaneshöfjar

Ráðhús Reykjaneshöfjar
Tjarnargata 12
230 Reykjaneshöfn

Sími: 421 6700
reykjaneshöfjar@reykjaneshöfjar.is
www.reykjaneshöfjar.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni